

9. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heypurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

10. gr.

Öll gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveita Húsavíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný, greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 1.980,00 í hvert skipti.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Húsavíkur skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. mars 1995 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 100, 23. febrúar 1993.

Iðnaðarráðuneytið, 23. febrúar 1995.

F. h. r.

Borkell Helgason.

Steinunn Bjarmann.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Húsavíkur.

Raforkuverð - Yfirlit.

A - ALMENNIR TAXTAR.

A.1 Verð á rafmagni til allrar almennrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:

Orkugjald	6,23 kr/kWh
Fast gjald 1 fasa	2.704,00 kr/ár

A.2 Verð á raforku til heimilisnotkunar:

Orkugjald	6,23 kr/kWh
Fast gjald 1 fasa	2.704,00 kr/ár

A.3 Verð á raforku til mannvirkjagerðar:

Orkugjald	6,23 kr/kWh
Fast gjald 1 fasa	5.046,00 kr/ár

B - AFLTAXTAR.**B.1 Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:**

Fastagjald	39.179,00 kr/ár
Orkugjald	3,12 kr/kWh
Aflgjald	8.815,00 kr/kWh/ár

Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. afl, enda sé lágmarksafli 30 kW. Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni. Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki rafveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni.

C - HITUN.**C.1 Verð á raforku til órofinnar hitunar:**

Orkugjald	5,37 kr/kWh
Fast gjald	7.740,00 kr/ár

C.2 Verð á raforku til rofinnar hitunar:

Orkugjald	2,84 kr/kWh
Fast gjald	4.745,00 kr/ár

Roftími allt að tveir tímar tvisvar á sólarhring.

Mælitæki.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórnækja sem notuð er við sölu rafmagns og eru þau eign rafveitunnar en uppsetning sé á vegum notanda eftir fyrirmælum rafveitunnar.

Heimtaugargjald.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi rafveitunnar. Heimtaugargjald má innheimta, þegar umsókn er lögð fram. Gjöld fyrir heimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Heimtaugargjöld:
25A 1 fasa	12.100,00
63A 1 fasa	62.300,00
63A 3 fasa	68.200,00
100A 3 fasa	105.000,00
200A 3 fasa	216.000,00
315A 3 fasa	338.000,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsaveitu. Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærrí en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar. Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu skal greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnaði undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um staðsetningu stöðvar.

Þegar aðalheimtaug er stækkuð skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Ýmis ákvæði.

1. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta raunaflí á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

2. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, skal greiða gjald kr. 1.980,00.

3. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða kr. 1.980,00 gjald fyrir að settur sé straumur á að nýju.

4. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt c-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafveitunnar.

5. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari bera virðisaukaskatt samkvæmt lögum og reglum á hverjum tíma.

6. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur rafveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. mars 1995 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 483, 10. október 1991 með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 23. febrúar 1995.

F. h. r.

Porkell Helgason.

Steinunn Bjarmann.